

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun ráðstefnunnar „Starfsþróun kennara – forysta og ánægja í skólastarfi“.

Haldið í Stakkahlíð fimmtudaginn 22. febrúar 2018 kl. 13.00.

Kæru ráðstefnugestir, dear professor Kari Smith, Head of the Norwegian National Research School in Teacher Education (NAFOL) at the Norwegian University of Science and Technology (NTNU). (I will continue in Icelandic).

Það er mér heiður og ánægja að setja þessa ráðstefnu sem ber heitið „Starfsþróun kennara – forysta og ánægja í skólastarfi“ og er haldin í samstarfi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands.

Ráðstefnan á sér nokkurn aðdraganda eða til ágúst 2016 er þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra skipaði samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda til þriggja ára. Ráðinu er ætlað að útfæra og fylgja eftir tillögum skýrslu fagraðs um símenntun og starfsþróun kennara frá mars 2016 og að vera yfirvöldum menntamála til ráðgjafar um málefni starfsþróunar. Verður gerð grein fyrir verkefnum og tillögum samstarfsráðsins hér á eftir.

Viðfangsefni ráðstefnunnar er mikilvægt og brýnt – og það á erindi til okkar allra. Á undanförunum árum og áratugum hafa orðið gagnngerar breytingar á íslensku samfélagi sem hafa haft mikil og margvísleg

áhrif á allt skólastarf, nám, kennslu, samskipti og uppeldi. Þessar breytingar eru sífellt hraðari og hafa kröfur til starfsfólks í skólakerfinu um að takast á við ný og krefjandi verkefni aukist að sama skapi. Jafnframt er skólunum ætlað að efla þroska og færni nemenda og að veita þeim menntun sem undirbýr þá til þátttöku í samfélagi í örri þróun.

Það þarf því ekki að koma á óvart að umræðan um menntamál sé hávær um þessar mundir og í brennidepli hennar eru málefni kennara, menntun þeirra, fagleg ábyrgð og – síðast en ekki síst – starfsþróun. Kennarar eru framvarðarsveit í mótun samfélagsins til framtíðar og því er lykilatriði í allri umræðu um þróun skólastarfs að horfa til þátttöku og tækifæra kennara til að efla sig í starfi.

Góðir gestir. Það er ljóst að við munum ekki fá hér í dag svör við öllum þeim spurningum um skólamál sem á okkur brenna um þessar mundir. En orð eru til alls fyrst og markmið þessarar ráðstefnu er að efna til samtals um starfsþróun kennara og annarra fagstétta í skólum – og hvernig við getum með markvissum hætti stuðlað að framþróun skólastarfs.

Góðir gestir, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og segi ráðstefnuna „Starfsþróun kennara – forysta og ánægja í skólastarfi“ setta. Ég vil nú biðja Önnu Kristínu Sigurðardóttur, dósent á Menntavísindasviði, um að taka við og stýra ráðstefnunni. Takk fyrir.